



## Samningur um Fab Lab smiðju í Hornafirði

### 1. Markmið samningsins

Markmið samningsins er að skilgreina samstarf og hlutverk samstarfsaðila varðandi rekstur stafrænnar smiðju í Hornafirði.

Markmiðið með starfsemi Fab Lab í Hornafirði er að auka þekkingu skólaþolks og almennings á persónumiðaðri framleiðslu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Verkefninu er ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfni til nýsköpunar í námi og atvinnulífi. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir nýsköpun og efla samkeppnishæfni fyrtækja, menntastofnana og nemenda. Markmið samningsins er enn fremur að stuðla að auknu samstarfi grunn- og framhaldsskóla um þróunarstarf tengdu Fab Lab smiðjum.

### 2. Samstarfsaðilar og verkefnisstjórn

Aðilar að samningi þessum eru;

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kt. 580607-0710, Árleyni 2 – 8, Reykjavík  
Sveitarfélagið Hornafjörður / Vöruhúsið kt. 590169-4639, Hafnarbraut 27, 780  
Hornafirði.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu kt. 491087-2509, Nýheimum, Hornafirði  
Grunnskóli Hornafjarðar kt. 490283-0219, Víkurbraut, Hornafirði.

Forstöðumaður Vöruhúss er jafnframt verkefnastjóri Fab Lab Hornafjarðar. Hér eftir nefndur verkefnastjóri. Skipuð verður verkefnisstjórn um innleiðingu og rekstur Fab Lab smiðju í Hornafirði. Verkefnisstjórnina skipa fulltrúar samstarfsaðila. Hlutverk verkefnisstjórnar er að vinna að markmiðum samningsins. Verkefnisstjóri Fab Lab vinnur árlega starfsáætlun sem hann leggur fyrir verkefnisstjórnina og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar til samþykktar.



### 3. Hlutverk samstarfsaðila

#### **Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands**

- Fab Lab á Hornafirði er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi og tengist jafnframt alþjóðaneti Fab Lab smiðja, Fab Foundation sem Nýsköpunarmiðstöð er aðili að. Nýsköpunarmiðstöð er tengiliður Íslands við Fab Foundation og fer með öll samskipti við Massachusetts Institute of Technology (MIT) og Fab Foundation f.h. landsins.
- Nýsköpunarmiðstöð leggur til vinnuframlag sérfraeðinga og verkefnisstjóra Fab Lab við undirbúning og uppsetningu Fab Lab smiðjunnar. Þetta felur í sér ráðgjöf við að velja, panta og setja upp þann búnað og tæki sem þarf til að Fab Lab smiðjan teljist uppsett og tilbúin til notkunar.
- Nýsköpunarmiðstöð mun bjóða endurgjaldslaust, upp á þjálfun fyrir kennara sem koma til með að kenna áfanga sína í Fab Lab Hornafjarðar.
- Nýsköpunarmiðstöð mun bjóða endurgjaldslaust upp á þjálfun verkefnisstjóra og hann getur tekið þátt í námskeiðum og öðru þróunarstarfi sem haldið er á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar í þágu Fab Lab starfsemi.

#### **Hlutverk Sveitarfélagsins Hornafjarðar**

- Sveitarfélagið ber faglega ábyrgð á starfsemi Fab Lab Hornafjarðar í nánu samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð. Fræðslustjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á rekstri Fab Lab smiðjunnar f.h. sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið tryggir að Fab Lab smiðjan sé í öruggu húsnæði sem henti fyrir starfsemina.
- Verkefnastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri Fab Lab Hornafjarðar.
- Verkefnastóri heldur utan um sameiginleg efniskaup og innheimtir kostnað vegna efnisnotkunar.
- Verkefnastjóri hefur umsjón með viðhaldi véla og tækja.

#### **Hlutverk Grunnskóla Hornafjarðar**

- Grunnskólinn einsetur sér að nýta Fab Lab smiðjuna í nýsköpunar- og frumkvöðlakennslu, í valáföngum eða öðrum þeim áföngum sem óskað er eftir.
- Grunnskólinn hvetur kennara sína til að afla sér þekkingar í Fab Lab smiðjunni.
- Grunnskólakennrar sem koma að kennslu við Fab Lab Hornafjarðar gera það á kostnað og ábyrgð skólans.

#### **Hlutverk Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu**

- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu mun bjóða upp á einingabært nám í Fab Lab smiðju Hornafjarðar.
- Framhaldsskólinn mun halda utan um formlegt nám í smiðjunni fyrir framhaldsskólolanemendur.
- Kennrar sem koma að kennslu í áföngum framhaldsskólans við Fab Lab smiðju Hornafjarðar gera það á kostnað og ábyrgð skólans.



#### 4. Kostnaðarskipting vegna verkefna

- Kostnaður sem upp kann að koma, greiðist af samningsaðilum í samræmi við þá verkaskiptingu sem samningurinn felur í sér, nema annað sé ákveðið við endurskoðun starfsáætlunar og samþykkt af verkefnisstjórn.
- Kostnaður vegna námskeiða og þróunarverkefna Fab Lab Hornafjarðar verður fjármagnaður sérstaklega út frá þeirri forsendu að slík verkefni hafi sjálfstæðan fjárhag, standi undir sér og verði einungis unnin með samþykki verkefnisstjórnar.
- Fjárhagsleg ábyrgð á slíkum verkefnum verður á höndum þess aðila samningsins sem hefur verkefnisstjórn viðkomandi verkefnis með höndum. Ekki skal stofnað til kostnaðar sem fellur á Fab Lab Hornafjarðar vegna símenntunar, sérfraeðiþjónustu, vinnustofa, námsáfangaþróunar, kynningarmála eða þ.h. án þess að samstarfsaðilar samþykki slíkan kostnað. Falli slíkur kostnaður til skiptist hann á samstarfsaðila eftir samkomulagi hverju sinni.
- Allur kostnaður sem stofnað er til, utan daglegs rekstrarkostnaðar, skal samþykktur af verkefnisstjórn og bæjarstjórn Hornafjarðar.

#### 5. Stofnkostnaður og rekstur

Sveitarfélag Hornafjarðar, kaupir og kostar uppsetningu þeirra tækja sem sett verða upp í Fab Lab Hornafjarðar. Nýsköpunarmiðstöð veitir upplýsingar og ráðgjöf við innkaup og uppsetningu. Vöruhúsið sem er deild innan Sveitarfélags Hornafjarðar verður eigandi allra tækja sem keypt verða við stofnun Fab Lab smiðju Hornafjarðar.

1. Áætlaður stofnkostnaður og rekstrarkostnaður kemur fram í starfsáætlun.
2. Áætlun um rekstrarkostnað verður lögð fyrir verkefnisstjórn til samþykktar með reglulegum hætti á samningstímabilinu.
3. Sveitarfélagið leggur til húsnæði án endurgjalds og greiðir allan reglulegan rekstrarkostnað vegna húsnæðis (s.s. vegna rafmagns, hita, ræstingar, nets, sorphirðu og förgunar).
4. Nýsköpunarmiðstöð leggur til framlag vegna undirbúnings og stofnunar Fab Lab smiðju. Framlag Nýsköpunarmiðstöðvar er til tækjakaupa og uppsetningar og nemur allt að 6.000.000 kr sem greiðast út eftir verkáætlun (Fylgiskjal 1).
5. Nýsköpunarmiðstöð kostar þátttökugjald verkefnastjóra í námi á vegum Fab Academy sem fer fram fyrri hluta árs 2016.



## 6. Gildistími samnings

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift og gildir til loka árs 2017. Við lok samningstímans er það ásetningur aðila að fara yfir reynsluna af samninginum og endurmeta hann með það að leiðarljósi að endurnýja samninginn til að tryggja sem besta nýtingu og notkun þess búnaðar, tækja og þekkingaruppbygginar sem mynda Fab Lab smiðjuna. Samningurinn skal endurmetinn fyrir lok september 2017.

## 7. Meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings þessa eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að leita allra leiða til að leysa ágreininginn með friðsamlegum hætti. Takist ekki að leysa ágreiningsmál, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilar samningsins nöfn sín hér undir. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum

Hornafjörður 17. febrúar 2015

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Björn Ingi Jónsson



f.h. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þorsteinn Ingi Sigfússon

f.h. Grunnskóla Hornafjarðar

Hulda Laxdal Hauksdóttir

f.h. Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

Zophonías Torfason